

Reglur um uppsetningu ljósastaura í dreifbýli

1.gr.

Sveitarstjórn samþykkir með reglum þessum uppsetningu á ljósastaurum og viðhaldi þeirra í dreifbýli sveitarfélagsins. Reglur þessar gilda fyrir íbúðarhús með fasta búsetu á lögbýli. Gerður skal skriflegur samningur á milli sveitarfélagsins og eiganda fasteignar þar af lútandi.

2.gr.

Að hámarki er heimilt að greiða fyrir uppsetningu á tveimur staurum á hverju lögbýli samkvæmt reglum þessum.

3.gr.

Sækja skal um uppsetningu ljósastaura og viðhald þeirra í gegnum þjónustugátt á heimasíðu sveitarfélagsins. Sveitarfélagið greiðir fyrir ljósastaurana, uppsetningu þeirra og rafmagnstengingu. Tenging rafmagns vegna ljósastaurana skal vera í rafmagnstöflu fasteignarinnar og skal sú vinna vera unnin af fagmönnum með til þess bær réttindi sem sveitarfélagið útvegar. Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að takmarka uppsetningu nýrra ljósastaura í samræmi við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins hverju sinni.

4.gr.

Ljósastaurar og annar búnaður tengdur þeim sem settur verður upp og nú þegar er búið að setja upp verður eign fasteignaeiganda. Þeir staurar sem fyrir eru við þau húsnæði sem reglurnar taka til verða einnig eign fasteignaeiganda.

5.gr.

Viðhald á búnaði sem tengist ljósastaurunum er á ábyrgð sveitarfélagsins hvað varðar framkvæmd og greiðslu. Viðhald á búnaði tengdum ljósastaurum fer fram þrisvar sinnum á ári og fer sú vinna fram í mars, september og desember. Tilkynningar vegna viðhalds skulu hafa borist inn á þjónustugáttina á heimasíðu sveitarfélagsins fyrir 1.mars, 1.september og 1.desember.

6.gr.

Fasteignaeigandi sem hefur fengið ljósastaur frá sveitarfélaginu skal sjálfur greiða rafmagnskostnað vegna hans.

Reglurnar taka gildi frá og með 1. janúar 2025.

Samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar 12. desember 2024